

Grundarfjarðarbær  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Borgarbraut 16  
350 Grundarfjörður

Reykjavík 7. maí 2018  
UST201803-313/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Deiliskipulag – Kolgrafafjörður - Grundarfjarðarbær

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grundarfjarðarbæjar er barst sem vinnslutillaga 19. mars sl. og síðan sem deiliskipulag í auglýsingu þann 10. apríl sl. - þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi áfangastaðar við Kolgrafarfjörð.

#### Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið nær utan um vesturhluta brúarinnar yfir Kolgrafarfjörð ásamt fjörurnar við brúna og grjóthleðslur. Svæðið er 3,3 ha að stærð.

Í umfjöllun um forsendur kemur fram að með áætluðum framkvæmdum er verið að bregðast við og bæta aðstöðu hins mikla fjölda ferðamanna sem vilja dvelja á svæðinu og njóta útsýnis, dýralífs og þeirra sjávarstrauma sem ólga undir brúnni.

Umhverfisstofnun tekur undir þörf á framkvæmdum og telur að verið sé að bregðast við af metnaði með þeim áætlunum sem eru til umsagnar.

#### Útsýnispallur

Umhverfisstofnun tekur undir umræður um áætlaða efnisnotkun í útsýnispall. Fram kemur í umræðunni að breidd palls skuli vera að lágmarki 1,6 m. Einnig kemur fram að á hvorum enda útsýnispalls sé heimilt að reisa vegg, skýli eða skjól, að hámarki 2,6 m á hæð til norðurljósa og náttúruskoðunar. Að mati stofnunarinnar er ekki alveg ljóst hvernig slíkur veggur er áætlaður og mætti skýra það nánar í texta, enda er 2,6 m veggur nokkuð hár og áberandi í umhverfinu.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur